

28
25. apríl

12. gr.
Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

13. gr.
Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

29
26. apríl

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð handa ekkjum og munaðarleysingjum í Svalbarðsstrandarhreppi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 26. apríl 1938.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð handa ekkjum og munaðarleysingjum
í Svalbarðsstrandarhreppi.

1. gr.
Sjóðurinn er stofnaður með frjálsum samskotum. Stofnfé kr. 250.00.

2. gr.
Tilgangur sjóðsins er að styrkja fyrst og fremst ekkjur og börn þeirra manna, er farast af slysum eða á annan svíplegan hátt og lítil eða engin efni hafa átt til framdráttar sér og sínum, enda megi á þennan hátt forða hlutaðeigendum frá sveitarframfærslu.

3. gr.
Tilgangi sjóðsins skal ná á þennan stað:

- Með því að gefa út minningarþöld og hafa þau ætíð til sölu á hentugum stað (t. d. símastöðinni).
- Með því að halda 1 eða 2 arðberandi samkomur á hverju ári.
- Með því að fá karla og konur í sveitinni til þess að greiða árgjöld í sjóðinn.
- Með því að sveitarsjóður leggi sjóðnum árlega fé, eftir ákvörðun og samþykkt almenns sveitarfundar (1. fundi ársins).

4. gr.
Af árlegum tekjum sjóðsins má verja $\frac{1}{2}$ til styrktar samkv. 2. gr., en $\frac{1}{5}$ leggist við höfuðstólinn, ásamt ársvöxtum, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 10000.00. Eftir það má verja til styrktar öllum árstekjunum og $\frac{3}{4}$ hlutum vaxtanna, en $\frac{1}{4}$ hluti leggist árlega við höfuðstólinn.

Nú álitur stjórn sjóðsins ekki þörf á að veita styrk úr sjóðnum eitthvert ár og leggjast þá allar tekjurnar og vextirnir við höfuðstólinn það sinn

5. gr.
Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skal hreppsnefnd kjósa 1 mann, almennur sveitarfundur annan, en sýslunefnd skipi þriðja manninn, og skal hann vera formaður sjóðsstjórnar.

Kosning stjórnar gildi til þriggja ára. Endurskoðun reikninga sjóðsins skal hinn árlegi endurskoðandi sveitarsjóðsreikninga annast.

6. gr.

Stjórn sjóðsins hafi fund með sér í septembermánuði ár hvert og oftár, ef þörf er á. Skal hún á fundum sínum ræða um og ákveða styrkveitingar samkvæmt ákvæðum 3. greinar, staflaðum A, B, C og D. — Hún sæki um fé handa sjóðnum úr sveitarsjóði, samkv. D-lið 3. greinar og leggur fyrir almennan sveitarfund (janúarfund) áætlun um styrkveitingar úr sjóðnum yfirstandandi ár.

Stjórnin haldi gerðabók og færi í hana allar fundargerðir og ályktanir. Hún haldi reikningabók, er í séu ritaðir allir reikningar sjóðsins. Hún færi og minningabók, er í séu skráðar allar minningargjafir og æfiágrip þeirra, sem minnst er, stutt en greinilegt.

Stjórn sjóðsins annist um að fé sjóðsins sé ávaxtað í tryggum peningastofnunum, ríkisskuldabréfum eða bankavaxtabréfum.

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

8. gr.

Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík
frá 23. september 1936.

30

27. apríl

Samkvæmt lögum nr. 100 23. júní 1936, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Til þess að verða tekinn í skólann, ber umsækjanda að leggja fram vottorð um $\frac{3}{4}$ hluta þess siglingatíma, sem krafist er í lögum um atvinnu við siglingar, til þess að geta fengið það stýrimannsskírteini, sem prófið veitir. Þetta ákvæði nær þó eigi til þeirra, sem lesa vilja undir hið minna fiskimannapróf. Við inntöku nemenda í undirbúningsdeild hins meira fiskimannaprófs, skal miðað við þann siglingatíma, sem krafist er til þess að fá hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

Til þess að verða tekinn í deild þá, er býr menn undir skipstjórpróf á varðskipum ríkisins, skal umsækjandi hafa lokið farmannaprófi með ekki lægra en meðaleinkuninni 6.

Hafi prófsveinn eigi nægan siglingatíma til þess að fá viðeigandi stýrimannsskírteini strax að afloknu prófi, skal siglingatími hans, talinn í mánuðum og þriðugustu hlutum úr mánuði, skráður á prófvottorðið með tölum og bókstöfum.

Allan siglingatíma á skipi yfir 15 rúml. skal sanna með sjóferðabók. Annan siglingatíma skal sanna með vottorði skráningarstjóra.

2. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Kennslustundafjöldi skólastjóra og kennaranna ákveður ráðuneytið.